

Fimmtudaginn 24. nóvember 1994.

Nr. 240/1991.

Úlfar Eysteinnsson

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Leó E. Löve

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Aðild. Kröfugerð. Sameign. Hlutafélag. Gjaldþrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1991. Hann gerir þá dómkröfu, að stefndi greiði sér 1.245.846 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, aðallega frá 1. febrúar 1988, en til vara frá 1. mars 1989 og til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Jafnframt krefst hann þess, að málskostnaður greiðist sem búskrafa úr þrotabúi áfrýjanda.

I.

Áfrýjandi höfðaði mál þetta í héraði 26. október 1989. Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 19. júní 1990 var bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Með bréfi 5. júlí sama ár heimilaði skiptaréttur lögmanni áfrýjanda að halda málinu áfram á eigin ábyrgð og kostnað þrotabúinu að kostnaðarlausu samkvæmt 115. gr., sbr. 114. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og nú 2. og 1. mgr. 130. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991. Málið var dæmt í þessu horfi í héraði og áfrýjað til Hæstaréttar samkvæmt nýrri heimild skiptaréttar 5. júní 1991. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit úr skiptabók Reykjavíkur, og kemur þar fram, að 22. júní 1992 var skiptameðferð búans lokið samkvæmt 120. gr. þágildandi gjaldþrotalaga, sbr. núgildandi 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að nokkur greiðsla kæmi upp í lýstar kröfur. Lögmaður áfrýjanda tilkynnti Hæstarétti 2. nóvember sl. að áfrýjandi hefði sjálfur tekið við málinu að nýju. Af

hálfu stefnda er gerð athugasemd við þessa tilkynningu. Heldur hann því fram, að ekki sé fram komið, að þrotabúið hafi framselt áfrýjanda persónulega þá eign búans, sem eigi að felast í kröfu þeirri, er hann gerir í málinu. Fallast má á það með áfrýjanda, að hann hafi tekið við málinu að nýju, en verði niðurstaða þess honum í vil, getur reynt á ákvæði 164. gr. laga nr. 21/1991.

II.

Krafa áfrýjanda í héraði nam upphaflega 4.419.430 krónum, en við aðalflutning lækkaði hann hana í 4.386.770 krónur. Hér fyrir dómi gerði hann upphaflega aðalkröfu um sömu fjárhæð. Þessi krafa var til greiðslu á launum árin 1986, 1987 og 1988, einnig á innlögðu fé og greiddum reikningum og loks vegna áhalda til veitingareksturs. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu, að veitingarekstur þessi hefði verið sameiginlegur rekstur aðilanna undir nafninu Úlfar og ljón, en eignir og rekstrartekjur hefðu verið skráðar á einkafirma stefnda, Leikbíla. Rekstrinum hefði lokið með kaupum áfrýjanda á rekstrinum í nafni hlutafélagsins Ferskt og gott 1. febrúar 1988 fyrir samtals 9 milljónir króna. Uppgjör aðilanna vegna slita á hinum sameiginlega rekstri hafi átt að fara fram þannig, að stefndi hafi átt að halda húsnæðinu, sem metið hafi verið á 17 milljónir króna, og greiða skuldir, sem síðar hafi reynst nema 23,5 milljónum króna. Hrein eign samrekstursins hafi þannig verið talin vera um 2,5 milljónir króna. Héraðsdómurinn kemst síðan að þeirri niðurstöðu, að hefði áfrýjandi greitt andvirði rekstursins fyrir hönd hlutafélagsins, hefði stefndi átt að svara áfrýjanda helmingi hans í hreinni eign sameignarinnar, 1.250.000 krónum.

Héraðsdómur reisir niðurstöðu sína á því, að aðilar hafi staðið jafnir við lok sameignartímabilsins, enda hafi þeir þá óskað eftir því sameiginlega við Helga Númason endurskoðanda, að hann fyndi út skuldastöðu einkafyrirtækis stefnda, Leikbíla, 1. febrúar 1988, en í nafni þess hafi reksturinn verið. Reksturinn hafi verið seldur sameiginlega til slita á sameigninni. Héraðsdómur byggir á því, að kaupin á rekstrinum hafi í reynd verið á persónulega ábyrgð áfrýjanda, og þar sem telja verði, að forsenda stefnda fyrir uppgjörinu hafi verið sú, að kaupverðið greiddist, verði á það að fallast, að honum beri ekki að greiða greindan mismun, meðan það væri í van-

skilum. Áfrýjandi gerði upphaflega hér fyrir dómi varakröfu, byggða á þessum útreikningi Helga Númasonar, og hefur nú gert hana að einu kröfu sinni, en þó lækkað hana aðeins. Hún er þannig fundin:

1. Verðmæti eigna í samrekstri aðila skv. samkomulagi þeirra við yfirtöku stefnda	kr.	26.000.000
2. Skuldir alls í samrekstrinum skv. uppgjöri Helga Númasonar, lögg. endurskoðanda	kr.	23.508.308
Eignir umfram skuldir	kr.	2.491.692
Hlutur áfrýjanda – 50%	kr.	1.245.846

Áfrýjandi rökstyður þessa kröfu svo, að af hálfu stefnda sé viðurkennt, að honum hafi borið að standa áfrýjanda skil á þessari fjárhæð. Ástæða þess, að hann hafi ekki gert það, sé sú, að hlutafélagið Ferskt og gott hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar við sig. Vísar áfrýjandi í því sambandi til kröfulýsingar stefnda í þrotabú hlutafélagsins 24. maí 1989. Stefndi telji sig geta skuldajafnað þessum kröfum á móti kröfum áfrýjanda. Á þetta sé fallist í hinum áfrýjaða dómi, með því að dómurinn telji áfrýjanda kaupanda í raun. Þessu mótmælir áfrýjandi og heldur því fram, að hér sé um tvo mismunandi aðila að ræða, og séu því ekki skilyrði til skuldajafnaðar. Áfrýjandi hafi aldrei gengið í persónulega ábyrgð fyrir skuldbindingum hlutafélagsins.

Af hálfu stefnda er á það bent, að upphafleg aðalkrafa áfrýjanda hér fyrir dómi hafi verið eina krafa hans í héraði. Sú krafa hafi verið byggð á þeirri málsástæðu, að hann ætti inneign hjá einkafyrirtæki stefnda. Varakrafan, sem nú sé orðin eina krafan, sé hins vegar reist á þeirri málsástæðu, að áfrýjandi eigi rétt á hlutdeild í áætlaðri nettóeign sameignarfélagsins miðað við 1. febrúar 1988. Þessi málsástæða hafi ekki verið höfð uppi í héraði, og sé hún því allt of seint fram komin.

Stefndi mótmælir því að hafa viðurkennt, að honum hafi borið að standa skil á kröfufjárhæðinni. Greiðsluskylda hans vegna uppgjors aðila hafi algjörlega verið reist á þeirri forsendu, að áfrýjandi, sem hafi verið upphaflegur kaupandi rekstursins, stæði skil á kaupverð-

inu. Þar sem hann og fyrirtæki hans hafi ekki gert það, hafi skuldir sameignarfélags áfrýjanda og stefnda orðið meiri en eignir og því engin nettóeign til skipta.

III.

Krafa áfrýjanda í héraði var byggð á inneign, sem hann taldi sig eiga hjá einkafyrirtæki stefnda. Vörn stefnda var hins vegar á því reist, að rekstur veitingahússins Úlfar og ljón hefði verið sameiginlegur, þó að hann væri skráður á nafn Leikbíla, einkafyrirtækis stefnda, og gera ætti reksturinn upp sem sameign aðila. Héraðsdómur dæmdi um þessa málsástæðu stefnda og féllst á hana. Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi nú fallist á þetta og byggir kröfu sína á þessu uppgjóri. Verður að fallast á það með áfrýjanda, að málflutningur og dómur í héraði hafi fjallað um þessa málsástæðu og því verði krafa, sem á henni sé reist, höfð uppi fyrir Hæstarétti. Hins vegar verður að skilja forsendur héraðsdóms svo, að hann sýkni stefnda í raun að svo stöddu, þar sem áfrýjandi hafi sjálfur verið kaupandi rekstursins og ekki staðið skil á greiðslum, og sé því dæmið enn óuppgert. Ágreiningur aðila hér fyrir dómi snýst því um það eitt, hver hafi verið kaupandi rekstursins, og verður að fallast á það með áfrýjanda, að ákvæði 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994, séu ekki því í vegi, að Hæstiréttur leggi dóm á það álitaeefni.

Samkvæmt gögnum málsins keypti fyrirtækið Ferskt og gott hf. viðskiptavild veitingastaðarins Úlfar og ljón af stefnda fyrir 1.500.000 krónur 1. febrúar 1988. Þá seldi hann tæki, búnað og innréttingar Féfangi hf. fyrir 7.500.000 krónur, sem aftur gerði fjármögnunarleigusamning við Ferskt og gott hf. um þessa hluti 28. febrúar 1988. Þá gerði stefndi leigusamning við fyrirtækið um húsnæðið að Grensásvegi 7, Reykjavík. Fyrirtækið stóð í skilum við hann fyrstu mánuðina, en síðan fór að halla undan fæti fyrir því, og það varð gjaldþrota 14. mars 1989. Stefndi heldur því fram, að hann hafi ekkert fengið greitt upp í kröfur sínar og auk þess borið ábyrgð gagnvart Féfangi hf. á fjármögnunarleigusamningnum.

Áfrýjandi og fjölskylda hans voru ásamt fleirum hluthafar í félaginu Ferskt og gott hf., sem stefndi hafði aðstoðað áfrýjanda við

að stofna, en stefndi er löglærður. Hlutafélagið var tilkynnt til skráningar, og var sú tilkynning móttakin í Hlutafélagaskrá 6. febrúar 1988. Stefndi bað um gjaldþrot félagsins 17. nóvember 1988 og lýsti kröfum í búið 24. maí 1989. Skiptum gjaldþrotabúsins var lokið 19. október 1989 samkvæmt heimild í 120. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Stefndi hagaði sér því þannig gagnvart hlutafélaginu, að um raunverulegt félag væri að ræða og að það hefði keypt rekstur fyrirtækisins Úlfar og ljón. Verður við það að miða, eins og vörn stefnda í héraði var háttað, að áfrýjandi eigi rétt á, að stefndi greiði honum sem svarar helmingi nettóeignar fyrirtækisins Úlfar og ljón við slit hins sameiginlega reksturs þess eða sem nemur endanlegri kröfu hans hér fyrir dómi. Í þessu máli þykir hins vegar ekki verða dæmt um það, hvort stefndi eigi einhverjar gagnkröfur á hendur áfrýjanda vegna vanefnda hlutafélagsins Ferskt og gott, þar sem stefndi hefur engar formlegar kröfur gert þess vegna. Krafa áfrýjanda er þannig tekin til greina. Áfrýjandi gerði þessa kröfu í endanlegum búningi fyrst skömmu fyrir málflytning í Hæstarétti. Þykir því rétt, að stefndi svari almennum innlánsvöxtum af kröfufjárhæðinni frá dagsetningu kaupsamnings 1. febrúar 1988 til uppkvaðningar dóms þessa, en dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt eins og nánar er kveðið á í dómso rði.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Leó E. Löve, greiði áfrýjanda, Úlfari Eysteinessyni, 1.245.846 krónur með 23% ársvöxtum frá 1. febrúar 1988 til 21. sama mánaðar, 22% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 20% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 22% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 24% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 26% frá þeim degi til 21. ágúst sama ár, 25% frá þeim degi til 1. september sama ár, 12% frá þeim degi til 11. október sama ár, 9% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 7% frá þeim degi til 21. nóvember sama ár, 6% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 4% frá þeim degi til 11. janúar 1989, 5% frá þeim degi til 21.

sama mánaðar, 9% frá þeim degi til 21. febrúar sama ár, 10% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 11% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 15% frá þeim degi til 21. maí sama ár, 16% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 17% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 18% frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 20% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 16% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 13% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 12% frá þeim degi til 1. september sama ár, 10% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 9% frá þeim degi til 1. október sama ár, 11% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 12% frá þeim degi til 11. janúar 1990, 10% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 9% frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 7% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 5% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 2,5% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7% frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 3% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,5% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 2% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 1% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 2,2% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,75% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,5% frá þeim degi til 11. febrúar sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1% frá þeim degi til 11. ágúst sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar og 0,5% frá þeim degi til uppsögudags dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að höfuðstólsfæra áfallna vexti á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989.

Málkostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. mars 1994.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflytningi föstudaginn 22. febrúar sl., hefur Úlfar Eysteinnsson, kt. 230847-4609, Bragagötu 14, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 26. október 1989, á hendur Leó E. Löve, kt. 250348-2909, Laufásvegi 25, Reykjavík. Í þinghaldi í málinu 14. nóvember 1990 lýsti lögmaður stefnanda yfir því, að þrotabú Úlfars Eysteinnssonar tæki við rekstri málsins í stað Úlfars Eysteinnssonar. Lögmaður stefnda samþykkti þá þessa breytingu á aðild málsins.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skuld, að fjárhæð 4.386.770 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, sbr. 12. gr. sömu laga, frá 1. febrúar 1988 til greiðsludags og að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól eftir hver 12 mánaða vanskil og myndi þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað [...].

Sáttaumleitaniir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segist hafa gengið til samstarfs við stefnda um rekstur veitingahúss í Reykjavík undir nafninu Úlfar og ljón. Hafi samstarfið hafist í ársbyrjun 1986 og lokið í endaðan janúar 1988. Hafi samstarfinu verið þann veg háttað, að stefndi, sem þá hafi rekið í Reykjavík einkafirma undir nafninu Leikbílar, kt. 530685-0209, en það firma hafi verið fellt af skrá 16. 10. 1989, hafi keypt húsnæði til rekstrar veitingahússins og annast um rekstur þess í nafni Leikbíla, en stefnandi, sem sé lærður matreiðslumeistari, hafi lagt fram áhöld og tæki sem og sérþekkingu sína og stjórnað daglegum rekstri í eldhúsi og veitingasal. Allar eignir og rekstrartekjur veitingahússins Úlfar og ljón hafi verið skráðar á einkafirma stefnda, Leikbíla.

Pegar upp úr samstarfi stefnanda og stefnda hafi slitnað, hafi orðið að samkomulagi, að Helgi Númason, löggiltur endurskoðandi, yfirfæri bókhald Leikbíla þann tíma, sem samstarfið hefði varað. Samkvæmt yfirliti endurskoðandans hafi inneign stefnanda hjá stefnda vegna Leikbíla numið 4.419.430 kr. 31. 1. 1988, sem sundurliðist þannig:

Vegna ársins 1986	kr. 1.073.486
Vegna ársins 1987	(– 7.952.196)
Vegna ársins 1988	– 11.298.139
	<u> </u>
	Alls kr. 4.419.029 (?)

Sú fjárhæð sé að hluta til framlag stefnanda í peningum, áhöldum og tækjum til rekstrarins og að hluta laun stefnanda framangreindan tíma. Við aðalmeðferð málsins lækkaði stefnandi þessa fjárhæð vegna oftalinna áhalda um 32.660 kr., sbr. kröfugerð hans.

Þá segir stefnandi, að við lok samstarfs síns og stefnda hafi stefndi selt áhöld og tæki veitingahússins Úlfar og ljón sem og húsnæðið, allt í nafni einkafirma stefnda, Leikbíla. Hagnaður sá, er stefndi hafi haft af sölu eigna Úlfar og ljón, hafi ekki komið í hlut stefnanda og stefndi ekki viljað viðurkenna hlutdeild stefnanda í honum og beri fyrir sig, að Leikbílar, eignar- og rekstraraðili Úlfar og ljón, hafi verið sitt einkafirma og stefnanda óviðkomandi.

Stefnandi vísar til stuðnings kröfum sínum til almennra reglna samninga- og kröfuréttarins, III. kafla laga nr. 25/1987, 1. gr. laga nr. 55/1980, 8. gr. laga nr. 30/1987 og XII. kafla laga nr. 85/1936.

3.0.

Stefndi mótmælir kröfugerð stefnanda, bæði að því er varðar fjárhæðir og grundvöll, svo og vaxtakröfu hans. Málsástæður og þau samskipti aðila, sem málið er sprottið af, segir hann vera í stórum dráttum eftirgreind:

Aðilar máls þessa hafi ákveðið að setja á stofn veitingastað í ársbyrjun 1986. Hafi þeir í því skyni keypt hluta fasteignanna nr. 5 og 7 við Grensásveg í Reykjavík. Húsnæðið hafi þeir fengið afhent 1. febrúar 1986 og þá hafist handa um undirbúning veitingarekstrarins. Það sé því rangt hjá stefnanda, að upphafið hafi verið 1. janúar 1986.

Stefndi hafi árið 1985 skráð einkafirmað Leikbíla. Þegar aðilar hafi rætt um, hvert rekstrarform skyldi vera á veitingarekstrinum, hafi það orðið að samkomulagi, að Leikbílar skyldu verða rekstraraðilinn og þar með stefndi persónulega. Hafi þessi tilhögun verið á höfð vegna þess, að stefnandi hafi á þeim tíma verið uggandi um fjárhagsstöðu sína og viljað, að friður fengist um reksturinn. Á milli aðila hafi hins vegar verið um það samið og við það miðað, að í raun væru þeir helmingseigendur að rekstrinum, þ. m. t. öllum eignum og skuldum. Frá upphafi hafi verið við það miðað og sameiginlegur vilji beggja, að stefnanda skyldi einhvern tíma síðar gefast kostur á að eignast og taka við öllum rekstrinum og sameigninni.

Síðla árs 1987 hafi aðilar rætt um, hvernig stefnandi gæti keypt stefnda út úr rekstrinum, og verið haldnir um það margir fundir. Í þeim viðræðum hafi það legið fyrir, að árið 1987 þyrfti stefnandi að kaupa fyrnanlega eign, t. d. rekstur eins og hinn sameiginlega rekstur aðila máls þessa, til þess að komast hjá skattlagningu söluhagnaðar veitingastaðar, sem hann hefði selt

tveimur árum áður. Samningaviðræðurnar hafi svo borið árangur um áramótin og skjöl varðandi söluna verið útbúin í ársbyrjun 1988. Samkvæmt þeim hafi stefndi verið seljandi, en kaupandi verið hlutafélagið Ferskt og gott, sem stefndi hafi aðstoðað stefnanda við að stofna. Báðir aðilar hafi ævinlega miðað við það, að það væri í raun stefnandi og hans fólk persónulega, sem væru kaupendur, enda þótt hlutafélagið hafi verið kaupandi og skuldari á kaupskjöllum.

Skömmu síðar hafi stefnandi óskað eftir því, að sölunni yrði breytt þannig, að hann sjálfur yrði talinn kaupandi og kaupin dagsett í desember 1987. Á þetta hafi stefndi fallist, enda hefði það verið upphafleg ætlun aðila, að kaupin færu fram árið 1987, og samkomulag tekist með aðilum um það á því ári. Endurskoðandi stefnanda hafi síðan haft meðalgöngu um að gera þær bókhaldslegu ráðstafanir, sem gera hafi þurft vegna þessara breytinga.

Aðilar hafi náð samkomulagi um, að hinar sameiginlegu eignir skyldu metnar á samtals 26.000.000 kr. og að þær skiptust þannig, að 17.000.000 kr. væru húsnæðið, en 9.000.000 kr. reksturinn, þ. e. a. s. tæki, búnaður og viðskiptavild.

Eins og áður sé fram komið, hafi stefndi einn verið skráður eigandi allra eigna og þar með skuldari allra skulda. Hafi kaupin því verið gerð þannig, að stefndi skyldi áfram eiga húsnæðið, en stefnandi keypti reksturinn af stefnda. Hafi greiðslur verið með þrennum hætti: Nokkurt fé hafi verið greitt með peningum, en eftirstöðvar með víxlum og fjármögnunarleigusamningi við Féfang hf. Hafi hlutafélagið Ferskt og gott verið skuldari á öllum skuldbindingum, en milli aðila hafi verið við það miðað og á því byggt, að stefnandi stæði þar persónulega að baki, enda hafi hann notað verðbréfin til að greiða stefnda með og persónulega verið kaupandi, eins og áður sé getið. Til þess að liðka fyrir um áðurgreindan fjármögnunarleigusamning hafi stefndi sett veð honum til tryggingar. Í tengslum við kaupin hafi svo verið gerður húsaleigusamningur og kaupréttarsamningur um húsnæðið stefnanda til handa.

Þar sem stefndi hafi samkvæmt framanrituðu fengið ígildi allra eignanna, 26.000.000 kr., hafi svo verið um samið, að hann skyldi greiða allar skuldir. Þegar þær lögju fyrir og allt hefði „gengið upp“, eins og aðilar hafi orðað það, skyldi stefndi greiða stefnanda helming nettóeignarinnar með skuldbréfi til tveggja ára.

Samkvæmt uppgjöri Helga Númasonar hafi skuldirnar reynst vera rúmlega 23.500.000 kr. og nettóeign því tæplega 2.500.000 kr. Reyndar hafi síðar komið í ljós, að í bókhaldið hafi vantað nokkrar skuldir eða þær vantaldar.

Helmingur nettóeignarinnar samkvæmt ofanskráðu sé því tæplega 1.250.000 kr., og hefði það verið sú fjárhæð, sem stefndi hefði átt að greiða stefnanda með tveggja ára skuldabréfi, ef allt hefði „gengið upp“. Svo hafi þó ekki orðið. Leiga hafi ekki verið greidd nema að litlu leyti, víxlar ekki heldur eða fjármögnunarleigusamningurinn. Tjón stefnda af vanskilum þessum nemi miklu hærri fjárhæð en hann hefði átt að standa stefnanda skil á samkvæmt framansögðu. Megi því ljóst vera, að eigi annar hvor aðila kröfur á hinn, þá sé það stefndi, sem eigi kröfur á stefnanda, en ekki öfugt.

Kröfugerð stefnanda virðist á því reist, að hann eigi svo og svo háar launakröfur á hendur stefnda og einnig kröfur á hendur honum vegna annarra framlaga til hins sameiginlega rekstrar. Áður hafi verið rakið, hvernig viðskiptum aðila hafi lokið, þ. e. a. s., að heildareignir hafi verið metnar og frá þeim skyldu dregnar skuldir. Við kaupin hafi aðilar farið yfir framlög hvors um sig persónulega til rekstrarins. Hafi þeir komist að þeirri niðurstöðu, að þau framlög hefðu verið nokkurn veginn jöfn að því frátöldu, að stefndi hafi lagt fram rafknúna leikfangabíla, sem hann hafi átt að fá af óskiptu.

Kröfur stefnanda virðist á því byggðar, að hann hafi lagt tilgreindar fjárhæðir til sameiginlegs rekstrar. Því sé í sjálfu sér ekki mótmælt, að framlag hans hafi verið nokkurt, en þar sem um sameiginlegan rekstur hafi verið að ræða og stefndi lagt fram meiri verðmæti en stefnandi, sé því mótmælt, að reikningar hans geti átt rétt á sér, og sé því haldið fram og á því byggt, að stefnandi eigi engar kröfur á hendur stefnda, hvorki á framangreindum grundvelli né öðrum, og því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Aðilar málsins hafi gert með sér samkomulag um, að Helga Númasyni, löggiltum endurskoðanda, yrði falið að finna sundurliðun og tilurð einkareikninga þeirra og finna skuldastöðu Leikbíla miðað við 1. febrúar 1988. Meðan Helgi hafi verið að vinna það verk, hafi stefnandi komið fram með ýmsar órökstuddar viðbótartölur, sem hann hafi óskað eftir, að bætt yrði inn í uppgjorið. Það hafi Helgi gert athugasemdalaust og án þess að stefnda hafi gefist kostur á að gera athugasemdir og koma fram með sínar tölur um framlög og annað. Stefndi hafi mótmælt þessu, strax og honum hafi orðið þetta ljóst. Stefndi hafi nú tekið saman yfirlit yfir óbókfærð framlög sín, sem nemi á upphaflegu verðlagi 1.554.054 kr.

Kröfugerð stefnanda virðist að sínu leyti vera á því reist, að hann hafi unnið sem launþegi hjá stefnda. Það sé alrangt, eins og að framan sé rakið. Stefndi og stefnandi hafi báðir verið eigendur veitingastaðarins og rekstrarins. Hafi þeir verið helmingaeigendur, átt allar eignir að jöfnu og borið

jafna ábyrgð á skuldum. Þeir hafi báðir lagt fram óbókfærð verðmæti og í raun báðir verið seljendur, og verði því báðir að bera hallann af því tapi, sem af þeirri sölu hafi hlotist.

Kjarni þessa máls og meginmálsástæður stefnda fyrir sýknukröfu sinni séu eftirfarandi: Samkomulag hafi verið um, að heildareignir hins sameiginlega rekstrar skyldu metnar á 26.000.000 kr. Skyldi stefndi sjá um uppgjör allra skulda, og þegar þær hefðu verið greiddar og stefnandi greitt stefnda það, sem að honum sneri vegna kaupanna á rekstrinum, þ. e. víxla, húsaleigu og afborganir á kaupleigusamningi, hafi stefndi átt að greiða stefnanda með skuldabréfi helming nettóeignarinnar. Þegar upp hafi verið staðið og öll kurl komin til grafar, hafi skuldirnar numið rúmlega 23.500.000 krónum, þegar litið sé fram hjá einkareikningum aðila. Helmingur af nettóeigninni sé samkvæmt því u. þ. b. 1.250.000 kr., og hefði sú fjárhæð átt að koma í hlut stefnanda, ef allt hefði verið með felldu. Á móti þeirri fjárhæð komi hins vegar kröfur stefnda á hendur stefnanda vegna vanskila á kaupverðinu, húsaleigu og vegna ábyrgðar á fjármögnunarleigusamningi, sem nemi miklu hærri fjárhæð. Í öllu falli ætti stefnandi að bera helming af þeirri fjárhæð, sem hefði tapast við söluna, þar sem hann hefði í raun verið seljandi ásamt stefnda. Sá helmingur sé einnig miklu hærri en hugsanleg inneign stefnanda. Af framansögðu megi ljóst vera, að stefnandi eigi engar kröfur á hendur stefnda vegna þessara viðskipta, og beri því að sýkna stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á meginreglum samningaréttar og kröfuréttar. Þá vísar stefndi einnig til 49. gr. laga nr. 85/1936. Stefndi segir, að málskostnaðarkrafa sín byggist á 12. kafla laga nr. 85/1936, einkum 1. mgr. 177. gr., sbr. 184. gr. þeirra laga. Krafa um dráttarvexti á málskostnað byggist á 3. mgr. 175. gr. sömu laga, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnanda.

4.0.

Forsendur og niðurstaða.

Upphafleg krafa stefnanda, að fjárhæð 4.419 þúsundir króna, sundurliðast þannig:

1986:	
Laun	645 þús kr.
Innlagt fé og greiddir reikningar	428 - -
	<hr/>
	Samtals 1.073 þús. kr.

1987:

Laun	802 þús. kr.
Innlagt fé og greiddir reikningar	246 - -
	<hr/>
Samtals	1.048 þús. kr.

1988:

Laun	120 þús. kr.
Viðbótarlaun	1.425 - -
Áhöld lögð fram	423 - -
Víxill (v/launa 1987 skv. framburði endursk.)	330 - -
	<hr/>
Samtals	2.298 þús. kr.

<hr/> Samtals 1986 til 1988	4.419 þús. kr.
-----------------------------	----------------

Við aðalmeðferð málsins lækkaði stefnandi fjárhæð vegna áhalda um 32.660 kr.

Það er samdóma álit dómsins, að krafan sé byggð á bókhaldi, sem ekki sé nægilega áreiðanlegt, og að krafan sé að öðru leyti illa reifuð.

Stefnandi segir sjálfur svo frá í stefnu og greinargerð, að hann hafi gengið til samstarfs við stefnda um rekstur umrædds veitingahúss. Hafi samstarfið staðið frá ársbyrjun 1986 til loka janúar 1988. Samstarfið hafi verið með þeim hætti, að stefndi hafi keypt húsnæði og annast um rekstur þess í nafni Leikbíla, sem hafi verið einkafirma stefnda, en stefnandi lagt fram áhöld og tæki. Stefndi tekur undir með stefnanda, að samstarfshættirnir hafi verið þessir.

Stefnandi segir enn fremur, að við lok samstarfs þeirra félaga hafi stefndi selt áhöld og tæki veitingahússins sem og veitingahúsið. Hagnaður sá, er stefndi hafi haft af sölu eigna, hafi ekki komið í hlut stefnanda og stefndi ekki viljað viðurkenna hlutdeild stefnanda í honum.

Orðalag í stefnu og greinargerð bendir því til, að myndast hafi sameign um rekstur veitingahússins Úlfar og ljón. Einnig kom fram í munnlegum skýrslutökum fyrir dómi, að stefnandi myndi hafa litið svo á svo og starfsfólk veitingahússins. Svo sem fram kemur í málsskjöllum, óskuðu stefnandi og stefndi í sameiningu eftir því, að Helgi Númason, löggiltur endurskoðandi, yfirfæri einkareikninga málsaðila og fyndi skuldastöðu Leikbíla 1. febrúar 1988. Fyrir vinnu Helga skyldu aðilar greiða að jöfnu. Bróðir stefnanda, Björn Eysteinnsson útibússtjóri, fullyrðir í skeyti, sem hann sendi stefnda 16. október 1988, að rekstur Úlfar og ljón árin 1986 og 1987 hafi á þeim tíma verið sameign málsaðila.

Hér er ekki um að ræða tæmandi upptalningu á þeim atriðun, sem gefa

vísbendingu um, að um rekstur þennan hafi myndast sameign. Reglur um opinbera skráningu gefa ekki einar sér vísbendingu um, hvort sameign hafi í raun myndast í samskiptum aðila, sem myndast getur með munnlegu samkomulagi, og viðurkennt er, að sköpun verðmæta í samstarfi geti leitt til sameignar. Þessu til áreitingar má benda á, að samkvæmt fram lögðum gögnum virðast laun stefnanda fyrir vinnu hans við samreksturinn, sem aðilar höfðu ákveðið, að gengi sem framlag til rekstrarins, ekki hafa verið talin fram til skatts.

Þegar þetta er virt svo og síðari framkvæmd þessa samkomulags um samrekstur veitingahússins svo og slit eignarinnar og uppgjör milli aðila, verður að telja, að um reksturinn hafi myndast sameign þeirra félaga. Dómurinn er því þeirrar skoðunar, að við úrlausn í þessu máli, þ. e. við uppgjör milli málsaðila, verði að leggja til grundvallar, að um sameign þeirra hafi verið að ræða. Þeir hafi því báðir lagt fram vinnu og fjármuni, sem ætlað var að efla veitingahússreksturinn, og þeir hafi ætlað sér báðum jafnan hag af rekstrinum.

Málsaðilar gerðu um það samkomulag í upphafi, að stefnandi hefði 100.000 kr. á mánuði í laun í tvö ár og fengi greiddan helming þeirra launa. Hinn helmingur launanna átti að ganga til fyrirtækisins. Mun það hafa gengið eftir. Með þessum hætti átti stefnandi að eignast fyrirtækið að jöfnu við stefnda. Verður af þessum sökum að líta svo á, að stefnandi hafi fallist á að leggja laun sín að hálfu sem framlag sitt til fyrirtækisins og eigi því ekki sérstaka kröfu um greiðslu þeirra, þ. e. við uppgjör á launum stefnanda verður að leggja til grundvallar það markmið, að launin hafi að hálfu átt að ganga inn í fyrirtækið sem framlag stefnanda. Fyrir réttinum bar stefnandi, og var því ómótmælt af hálfu stefnda, að hann hefði fengið greiddan þann hlut launa sinna, sem ekki átti að ganga til rekstrarins, sem stofnframlag. Þau laun hafi þó ekki verið bókfærð, heldur tekin út úr sölu veitingahússins. Samkvæmt þessu er stefnandi með kröfu sinni, sem búið er að færa í bækur honum til tekna, að tvítelja laun sér til handa.

Pá verður einnig að meta til verðs annað framlag málsaðila, sem ætlað var til að byggja upp fyrirtækið og gera rekstur þess arðbæran. Í því sambandi má benda á framlag af hálfu stefnda, sem hann lagði fram í upphafi og telur vanfært um 1,5 milljónir króna.

Við slit sameignarinnar virtust málsaðilar hafa verið sammála um, að þeir stæðu jafnir, og bendir margt til, að sú niðurstaða hafi átt við rök að styðjast. Þeir voru samdóma um, að áætlað verð fyrir húsnæðið skyldi vera 17 milljónir króna. Skuldir voru þá óvissar, en reyndust síðar vera u. þ. b. 23,5 milljónir króna. Kom þetta tvennt í hlut stefnda. Þá var reksturinn sjálfur, áhöld, tæki og viðskiptavild metið á 9 milljónir króna. Hrein eign samrekstrarins var samkvæmt því talin vera um 2,5 milljónir króna, þegar

samstarfinu lauk. Uppgjör milli aðila átti að fara þannig fram, að stefnandi greiddi stefnda 9 milljónir króna, en stefndi tæki við fasteigninni og öllum skuldum. Gengju greiðslur eftir með þessum hætti, átti stefndi að greiða stefnanda helming hans í hreinni eign sameignarinnar, þ. e. u. þ. b. 1.250.000 kr.

Kaupandi áhalda og viðskiptavildar 1. febrúar 1988 var á skjölum hlutafélagið Ferskt og gott, en stefnandi mun hafa verið þar hluthafi. Hefur annar hluthafi þessa félags skýrt frá því fyrir dómi, að aðrir hluthafar en stefnandi hafi verið skráðir til málamynda, þ. e., að í raun hafi stefnandi átt og rekið fyrirtækið sem einkarekstur hans væri. Á skattframtali stefnanda 1989 voru áhöld og viðskiptavild talin persónuleg eign hans.

Fram hefur komið, og er því ómótmælt af hálfu stefnanda, að verulegar vanefndir hafi orðið á greiðslum til stefnda vegna sölu áhalda og viðskiptavildar svo og vegna húsaleigu. Ber stefndi fyrir sig, að meðan þessar vanefndir stefnanda vari, geti hann ekki átt rétt til helmings þess fjár, þ. e. helmings þeirra u. þ. b. 2,5 milljóna króna, sem eftir stóðu umfram skuldir, er sala hafði farið fram.

Líta ber til þess, að sú sameign, sem seld var, þ. e. áhöld og viðskiptavild veitingahússins Úlfar og ljón, var sameign málsaðila og því seld sameiginlega til slita á henni. Þá var stefnandi væntanlega kaupandi í raun, þótt öllum formskilyrðum væri ekki fullnægt í því sambandi. Þegar þetta er virt og þar sem telja verður, að stefndi hafi miðað við þá forsendu, að kaupverðið fengist greitt, telur dómurinn sér ekki annað fært en fallast á það með stefnda, að honum beri ekki að greiða greindan mismun, meðan áðurgreindar greiðslur kaupverðsins eru í vanskilum við hann. Breytir engu um þessa niðurstöðu, að telja verður vafasamt, að rekstur veitingastaðarins, þ. e. áhöld og viðskiptavild, hafi verið 9 milljón króna virði í ársbyrjun 1988, þar sem stefnandi var reiðubúinn að greiða þá fjárhæð fyrir hann.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að hafna kröfum stefnanda. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hvor málsaðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Atla Haukssyni, löggiltum endurskoðanda, og Stefáni Svavarsyni dósent.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Leó E. Löve, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Úlfars Eysteinsonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.